

Ed.

115. Breytingartillögur

[23. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 30. apríl 1963 um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 8. gr. Síðasta málgr. orðist svo:

Í stað 51. gr. 3. mgr. komi:

Frá og með 1. janúar 1969 skulu daggjöld opinberra sjúkrahúsa, hæla og annarra stofnana, sem 1.—3. mgr. 49. gr. tekur til, svo og gjaldskrár sömu stofnana vegna þjónustu við sjúklinga, sem ekki eru lagðir inn, greidd samkvæmt ákvörðun 5 manna nefndar, sem er þannig skipuð: Fjármálaráðherra skipar einn, Tryggingastofnun ríkisins skipar einn, Landssamband sjúkrahúsa skipar einn, Samband íslenskra sveitarfélaga skipar einn og heilbrigðismálaráðherra skipar einn, sem jafnframt er formaður nefndarinnar. Verði atkvæði jöfn í nefndinni, ræður atkvæði formanns.

Nefndin ákveður daggjöld og gjaldskrár á þann hátt, að heildartekjur stofnanna miðist við að standa straum af eðlilegum rekstrarkostnaði, enda séu gjöldin í samræmi við hagkvæman rekstur og þá þjónustu, sem stofnunin veitir. Heilbrigðismálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfssvið nefndarinnar og framkvæmd.

Sé um sjálfseignarstofnun eða einkaaðila að ræða, jafngildir það samningi ef hlítt er ákvörðun nefndarinnar um daggjöld, er vera skulu í einu lagi fyrir vist og þjónustu, en að öðrum kosti getur Tryggingastofnunin ákveðið, að sjúklingum skuli endurgreidd tiltekin upphæð fyrir hvern legudag upp í kostnaðinn.

2. Við 10. gr. Í stað „170%“ í 1. mgr. komi: 250% — og í stað „65%“ í 3. mgr. komi: 85%.

3. Við ákvæði til bráðabirgða bætist þrjár nýjar málsgreinar:

Á árinu 1968 skal framlag ríkissjóðs samkv. 1. mgr. 55. gr. vera 170% greiddra sjúkrasamlagsiðgjalda samlagsmanna og framlag sveitarsjóðs samkv. 3. mgr. skal vera 65% greiddra iðgjalda.

Daggjöld samkv. 51. gr., sbr. 49. gr., skulu á árinu 1968 ákveðin á sama hátt og verið hefur.

Sú leiðrétting, sem ákveðin er í 4. mgr. 24. gr. laganna á framlögum hinna tryggðu og atvinnurekenda, sbr. b- og d-liði 2. mgr. 23. gr. laganna, fyrir árið 1967, skal falla niður. Halli, sem af þessu leiðir, skal tekinn úr varasjóði lífeyristrygginga pr. 31. des. 1967.